



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeiningar vegna eigin áhættumats lífeyrissjóða

Umfang, markmið, skjalfesting, tilgangur

Janúar, 2018

Efnisyfirlit

1. Hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og ábyrgðaraðila áhættustýringar og tíðni eigin áhættumats	1
2. Stefnumörkun eigin áhættumats	1
3. Tenging ákvörðunartökufarla	2
4. Umfang eigin áhættumats.....	2
5. Framkvæmd áhættumatsins	2
6. Greining á tryggingafræðilegri stöðu lágmarkstryggingaverndar	3
7. Skjölun og skjalfesting eigin áhættumats	3
8. Skýrslugjöf.....	4

Leiðbeiningar um eigið áhættumat lífeyrissjóða

Með lögum nr. 113/2016 voru gerðar breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem eru að finna í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (sIsI).

Með framangreindum lögum var jafnframt lögð sú skylda á lífeyrissjóði að framkvæma eigið áhættumat en samkvæmt reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða skal stjórn lífeyrissjóðs sjá til þess að það sé framkvæmt a.m.k. árlega.

Eftirfarandi leiðbeiningar um eigið áhættumat lífeyrissjóða eru byggðar á 9.-12. gr. framangreindrar reglugerðar nr. 590/2017 og 3. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997. Þá hefur einnig verið höfð hliðsjón af ORSA viðmiðunarreglum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) fyrir váttryggingamarkað (*e. guidelines on own risk and solvency assessment*).

Eigið áhættumat er mikilvægt stjórn tæki fyrir stjórn lífeyrissjóðs þar sem ferlið gefur mynd af áhættuþáttum sem tengjast starfsemi sjóðsins. Eigið áhættumat hjálpar stjórn og starfsmönnum að skilja helstu áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og gefur jafnframt tækifæri til að meta hvaða áhrif þeir geta haft á sjóðinn.

Eigið áhættumat skal sniðið að starfsemi lífeyrissjóðs og einstakri deild hans. Ólíkir þættir og forsendur geta átt við mismunandi deildir, sem uppfylla kröfur um lágmarkstryggingarvernd annars vegar og viðbótartryggingarvernd hins vegar.

1. Hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og ábyrgðaraðila áhættustýringar og tíðni eigin áhættumats

Stjórn, framkvæmdastjóri og ábyrgðaraðili áhættustýringar ættu að taka virkan þátt í gerð eigin áhættumats. Við upphaf að gerð eigin áhættumats ætti stjórn, að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra og ábyrgðarmanni áhættustýringar, að ákveða áhersluþætti hverju sinni. Þegar drög að eigin áhættumati sjóðsins liggja fyrir ætti stjórn að reyna á niðurstöður þess með spurningum til þeirra sem framkvæmdu matið og ræða forsendur og niðurstöður þess á gagnrýnan hátt.

Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á að eigið áhættumat sé framkvæmt a.m.k. árlega og þegar verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins, sem tekur mið af eðli og umfangi sjóðsins. Lífeyrissjóður ræður sjálfur hvenær hann vinnur eigið áhættumat. Vera kann að heppilegt sé í því sambandi að miða við stöðu áhættuþátta í lok árs, þegar mest liggur fyrir af upplýsingum. Þó er hægt að miða við aðra dagsetningu meti lífeyrissjóður sem svo að ekki séu veruleg frávik í áhættusniði á milli þeirra dagsetninga.

2. Stefnumörkun eigin áhættumats

Lífeyrissjóður skal þróa verkferla og verklag við áhættumatið þar sem m.a. eru skilgreind hlutverk þeirra sem koma að matinu. Stefnumörkun eigin áhættumats ætti að lágmarki að ná til:



FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- a) Lýsingu á verkferlum sem styðja við framkvæmd eigin áhættumats.
- b) Kortlagningu á helstu áhættum í starfsemi sjóðsins og leggja mat á þær út frá áhættustefnu lífeyrissjóðsins, þeim áhættuvilja sem samþykktur er af stjórn og þeim forsendum sem þarf til þess að lífeyrissjóður geti staðið við skuldbindingar og markmið gagnvart sjóðfélögum.
- c) Upplýsingar um aðferðir og forsendur við matið sem ættu að innihalda:
 - i. Hvernig og hversu oft álagspróf, næmnigreiningar, sviðsmyndir og aðrar tegundir þolprófa eru framkvæmd.
 - ii. Upplýsingar um gögn og gæði þeirra.

Þá ætti að rökstyðja notagildi þeirra matsaðferða sem notaðar eru við mælingar á áhættupoli, áhættutöku, vilmörkum og frávikum.

Ráðlagt er að framkvæma mismunandi sviðsmyndagreiningar til að leggja mat á getu sjóðsins til að mæta skuldbindingum sínum við eðlilegar aðstæður sem og við áföll.

3. Tenging ákvörðunartökuferla

Lífeyrissjóður ætti að nýta niðurstöður eigin áhættumats við daglega starfsemi sjóðsins, stefnumótun og ákvörðunartöku. Niðurstöður ætti m.a. að bera saman við:

- a) Eignastýringu, fjárfestingar og fjárfestingarstefnu.
- b) Rekstrarsvið, móttöku og skráningu iðgjalda og lífeyrisúrskurði.
- c) Aðra starfsemi sjóðsins sem áhættumatið snertir.

Auk þess ætti að nýta eigið áhættumat við gerð fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.

4. Umfang eigin áhættumats

Lífeyrissjóður ætti að þróa eigið áhættumat sem sniðið er að starfsemi lífeyrissjóðsins, t.a.m. áhættustýringarkerfi, margbreytileika starfseminnar, skipulagi og stærð. Matið ætti að innihalda viðeigandi og fullnægjandi aðferðir til að meta stöðu lífeyrissjóðsins að teknu tilliti til eðlis, umfangs og þeirrar áhættu sem felst í starfseminni. Eigið áhættumat ætti að vera framsýnt og í samræmi við starfsemi og stefnur lífeyrissjóðsins.

Aðferðir sem eru notaðar við mat á áhættum í starfsemi og stöðu sjóðsins geta verið allt frá einföldum álagsprófum yfir í flóknari líkön og skal það metið út frá eðli, umfangi og áhættu sem um ræðir hjá hverjum sjóði og þeirra deilda sem matið nær til. Umfang eigin áhættumats er tilgreint í 10.gr. reglugerðar nr. 590/2017 en þar er talið upp umfang áhættumatsins að lágmarki. Hins vegar þarf hver og einn lífeyrissjóður að meta umfangið umfram þær kröfur eftir eðli starfsemi sinnar.

5. Framkvæmd áhættumatsins

Lífeyrissjóður þarf að meta forsendur, áhættuþætti og hversu líklegt sé að áhættan raungerist. Þá skal einnig yfirfara tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og getu hans til að standa undir skuldbindingum sínum, jafnt áföllnum sem og framtíðarskuldbindingum eins og er fjallað um hér að neðan í kafla 1.6.

Eigið áhættumat og umfang þess, eins og lýst er í reglugerðinni og í kaflanum hér að ofan, ætti að vera stutt með ítarefni og útskýringum þar sem við á.

Framkvæmdin ætti að lágmarki að ná yfir eftirtalda þætti:

- a) Mat á áhættu lífeyrissjóðs sem nær yfir mikilvæga áhættuþætti hvort sem þeir eru mælanlegir eður ei. Mat á ómælanlegum áhættuþáttum getur verið margskonar, t.d. sem töluleg nálgun eða gildi á borð við sviðsmyndir eða sérfræðimat. Mikilvægt er að lífeyrissjóður rökstyðji aðferðarfræði sína.
- b) Sé áhættumildunaraðferðum beitt í rekstri sjóðsins ætti að horfa til áhrifa þeirra og virkni í eigin áhættumati. Jafnframt ætti að greina frá hvaða áhættuþáttum er stýrt með áhættumildunaraðferðum og rökstyðja þær aðferðir.
- c) Matið ætti að taka tillit til þess hvort lífeyrissjóður hafi getu til að standa undir skuldbindingum sínum til langs tíma.
- d) Þá ætti einnig að meta áhættu sem tengist eftirfarandi þáttum:
 - i. eignum og skuldbindingum sjóðsins,
 - ii. stjórnarháttum og innri ferlum, ásamt mögulegum hagsmunaaárekstrum, vanhæfi eða sambærilegum annmörkum,
 - iii. fjárfestingarstefnu,
 - iv. mögulegum utanaðkomandi áhættum, s.s. breytingum í lagaumhverfi eða fjármálastöðugleika.

Eigið áhættumat ætti að taka til greina framtíðarhorfur og efnahagsspár sem spá fyrir um þætti sem geta haft áhrif á starfsemi sjóðsins til lengri tíma.

6. Greining á tryggingafræðilegri stöðu lágmarkstryggingaverndar

Í eigin áhættumati ætti m.a. að framkvæma næmnigreiningu á tryggingafræðilegar forsendur. Eigið áhættumat ætti að meta lýðfræðilegar forsendur sem ná m.a. yfir aldersdreifingu, kynjasamsetningu, fjölskyldustærð, menntun og lífslíkur. Horfa ætti til eftirtalinna þátta og meta framlag þeirra til áhættu lífeyrissjóðsins:

- e) Lýðfræðilegra þátta sem hafa áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóðs og tengjast dánar- og ororkutiðni og spálíkana um framtíðarþróun þessara þátta.
- f) Aldurssamsetningu sjóðfélaga og væntrar nýliðunar.
- g) Forsendna um vexti til núvirðingar lífeyrisskuldbindinga og endurmat verðbréfa með fastar tekjur.
- h) Hlutfall áfallinnar stöðu í tryggingafræðilegri athugun miðað við framtíðarstöðu. Misræmi hlutfalla geta t.d. leitt til orðsporsáhættu vegna umræðna um ójafnræði milli kynslóða og gert sjóðinn næmari fyrir breytingum.

7. Skjölun og skjalfesting eigin áhættumats

Eins og fram kemur í 11. gr. reglugerðar nr. 590/2017 skal framkvæmd og verklag vera skjalfest á viðunandi hátt. Stjórn ber ábyrgð á að rýna framangreint ferli og endurskoða forsendur og niðurstöður. Skjalfesting eigin áhættumats ætti að ná til eftirtalinna þátta:



- a) Stefnúmerkun eigin áhættumats, framkvæmd og verklag.
- b) Sérhvert mat sem fram fer í áhættumatsferlinu.
- c) Innri skýrslu vegna eigin áhættumats.
- d) Rýni stjórnar á ferlinu og endurskoðun á forsendum og niðurstöðum áhættumats.

Eigið áhættumat og niðurstaða þess ætti að vera skjalfest með þeim hætti að þriðja aðila sé kleift að leggja mat á alla þætti ferlisins.

- e) Eigið áhættumat sem sent er Fjármálaeftirlitinu. Skýrslan getur verið samhljóða innri skýrslu sjóðsins.

8. Skýrslugjöf

Þegar eigið áhættumat og niðurstaða þess hefur verið kynnt stjórn lífeyrissjóðsins skal kynna niðurstöður matsins fyrir viðeigandi starfsmönnum ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu. Miða ætti við nýjustu fánlegu upplýsingar þegar áhættumat er unnið og kynnt.

Lífeyrissjóður skal senda Fjármálaeftirlitinu eintak af skýrslu um eigið áhættumat eigi síðar en 30. júní ár hvert, sbr. 12. gr. reglugerðar nr.590/2017 en þar kemur einnig fram hvaða upplýsingar skýrslan skal að lágmarki innihalda. Skýrslan gæti auk þess innihaldið eigindlegar (*e. qualitative*) og meginlegar (*e. quantitative*) niðurstöður úr eigin áhættumati ásamt þeim ályktunum sem lífeyrissjóðurinn dregur af þeim og upplýsingar um helstu aðferðir og forsendur sem notaðar voru við matið, auk annarra atriða sem lífeyrissjóðurinn telur þörf á að fjalla um. Niðurstöður ættu að vera greinanlegar niður á deildir sjóðsins sé það viðeigandi.